

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 123/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Helga Aðalsteinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess að úrskurðinum verði hrundið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hinn kærða úrskurð. Kærumálskostnður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. apríl 1986.

Málsatvik:

Hinn 3. apríl sl. var Erlingur Skúlason handtekinn á Keflavíkurflugvelli og fundust í fórum hans tæplega 340 grömm af ætluðu amfetamíni.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi lýsti Erlingur utanför sinni með Helga Aðalsteinssyni og kvaðst Erlingur hafa haldið flugleiðis til Luxemburg hinn 26. mars sl. ásamt Helga Aðalsteinssyni er Erlingur kvaðst hafa hitt fyrir tilviljun og orðið samferða allan tímann er Erlingur dvaldist ytra. Erlingur kveðst ekki hafa vitað um fíkniefni þau er hann flutti með sér til landsins hinn 3. apríl sl. Erlingur bar við lögreglu yfirheyrslu í dag að hafa samferðamann sinn Helga Aðalsteinsson grunaðan um að hafa komið fíkniefnunum fyrir í vindlingalengjum þeim er efnin fundust falin í. Erlingur kvað þá Helga hafa dvalið á sömu hótélherbergjum og Helgi því sá eini sem hafði greiðan aðganga að vindlingalengjum er Erlingur

kvaðst hafa geymt á hótélberbergjum er dvalið var í í Luxemburg og Amsterdam.

Erlingur bar við lögreglu yfirheyrslu að hafa fyrir tilviljun hitt Helga Aðalsteinsson á öðrum degi dvalar í Amsterdam og þeir þá ákveðið að verða samferða. Helgi Aðalsteinsson hefur borið að ákveðið hafi verið í flugvélinni á útleið að þeir félagar yrðu samferða ytra.

Helgi Aðalsteinsson var handtekinn við komu til landsins í gærðag föstudaginn 4. apríl. Við yfirheyrslu hér fyrir dómi í dag lýsti Helgi því er fundum þeirra Erlings bar saman í janúar sl. er Helgi kvaðst hafa tattóverað mynd á Erling. Helgi Aðalsteinsson hélt utan í janúar sl. til London og Erlingur Skúlason hélt sömuleiðis í ferð til London í janúar sl. Í byrjun febrúar bárust lögreglu ítrekað upplýsingar um meinta fíkniefnadreifingu Helga Aðalsteinssonar.

Við dóm yfirheyrslu í dag lýsti Helgi fjármögnun utanferða sinna á þessu ári en Helgi er tekjulaus og kvaðst vinna heimilisstörf en sambýliskona sín afli tekna til heimilisins og kvað Helgi sambýliskonu sína hafa lánað fé til utanfarar þeirrar er Helgi kom úr hinn 4. apríl. sl. Helgi kvaðst hafa dvalið á Litla Hrauni allt sl. ár og þá heldur engar tekjur hafa haft.

Helgi kvað það tilviljun að þeir Erlingur skyldu hafa haldið í samskonar utanför á dögunum og kvaðst Helgi þegar hafa ákveðið sína utanför er hann frétti af fyrirhugaðri för Erlings.

Helgi Aðalsteinsson hefur neitað að ferð sín, er hann kom heim úr sl. föstudag, hafi verið tengd fíkniefnakaupum og/eða innflutningi og kvað Helgi ferðina hafa verið skemmtiferð og ætluð til fatakaupa og ekki kvaðst Helgi vita hvað varð um fé það er hann hélt með í ferðina.

Niðurstöður:

Helgi Aðalsteinsson er, svo sem fram kemur í kröfugerð lögreglu á dóm-skjali nr. 1., á skrá fyrir fíkniefnamisferli en Erlingur Skúlason ekki.

Ósamræmi er í framburðum þeirra Helga og Erlings.

Helgi Aðalsteinsson er samkvæmt eigin framburði tekjulaus maður en hefur sem af er þessu ári haldið í tvær utanferðir sem grunur leikur á að tengist fíkniefnakaupum.

Helgi kveðst ekki vita hvað varð um fé það er hann hélt með í framangreinda utanferð. Vísu má hér til framburðar Helga í heild sem, eins og fram kemur í kröfugerð lögreglu, er mjög ótrúverðugur.

Verið er að rannsaka meint brot Helga Aðalsteinssonar á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 og gæti meint sök, ef sönnuð þætti, varðað Helga fangelsisrefsingu og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Svo sem rakið var þykir fram kominn rökstuddur grunur um aðild Helga

Aðalsteinssonar að innflutningi á þeim 340 grömmum af amfetamíni er lög-reglan lagði hald á sl. miðvikudag.

Eftir er að yfirheyra Helga mun ítarlegar um alla þætti máls þessa svo sem fjármögnun utanferða svo og að yfirheyra hugsanleg vitni og/eða sam-seka og er rannsókn málsins á algjöru frumstigi.

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og jafnframt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir Helga Aðalsteinssyni, fæddum 23.3.1954. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður allt að 30 dagar frá því kl. 15.45 í dag laugardaginn 5. apríl 1986 að telja.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Helgi Aðalsteinsson, fæddur 23.3.1954, nú til heimilis að Breiðvangi 14, Hafnarfirði, skal sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 daga frá því kl. 15.45 í dag laugardaginn 5. apríl 1986 að telja..

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 21/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Gísla Guðnasyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guð-mundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var af hálfu ákærvalds áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar sl. til ákvörðunar refsingar samkvæmt ákæru, en ákærði hafði viljað hlíta dóminum. Ágrip dómsgerða barst Hæsta-rétti 28. febrúar sl.

Enda þótt gögn málsins bendi mjög til þess að það hafi eigi getað